

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 569/2009 fyrir Háskóla Íslands.

1. gr.

5. mgr. töluliðar 2 í 70. gr. reglnanna orðast svo í heild sinni:

Stafrænt eintak ritgerðar skal vera aðgengilegt í tvær vikur áður en vörn fer fram. Ef stafrænt eintak lokaritgerðar er vistað lokað á Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni skal útprentað eintak ritgerðar liggja frammi á skrifstofu deildar og á Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni tveimur vikum fyrir vörn.

2. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 97. gr. reglnanna:

- a. Í stað orðanna „BS-prófs“ í a-lið koma orðin: BS-gráðu.
- b. Í stað orðanna „BS-prófs“ í b-lið koma orðin: BS-gráðu.
- c. Í stað orðsins „meistaraprófs“ í d-lið kemur orðið: meistaragráðu.
- d. Í stað orðsins „meistaraprófs“ í e-lið kemur orðið: meistaragráðu.
- e. Í stað orðsins „meistaraprófs“ í f-lið kemur orðið: meistaragráðu.
- f. Í stað orðsins „meistaraprófs“ í g-lið kemur orðið: meistaragráðu.
- g. Í stað orðsins „meistaraprófs“ í h-lið kemur orðið: meistaragráðu.
- h. Í stað orðsins „doktorsprófs“ í i-lið kemur orðið: doktorsgráðu.
- i. Í stað orðsins „doktorsprófs“ í j-lið kemur orðið: doktorsgráðu.
- j. Í stað orðsins „doktorsprófs“ í k-lið kemur orðið: doktorsgráðu.
- k. Á eftir 4. mgr. bætist við ný málsgrein sem orðast svo:

Meistaránám í hjúkrunarfræði er 120 eininga nám og telst ársnám 60 einingar. Deildin setur nánari reglur um nám til meistaraprófs sem háskólaráð staðfestir, sbr. ákvæði 66. og 69. gr. þessara reglna.

- l. Núverandi 10. mgr. fellur brott.

3. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 98. gr. reglnanna:

- a. Í stað orðanna „BS-próf“ í 1. málsl. 7. mgr. koma orðin: BS-gráða.
- b. 2. málsl. 7. mgr. orðast svo: Stúdent í 240 eininga námi til BS-gráðu í hjúkrunarfræði fyrir fólki með annað háskólapróf fær 22 skilgreindar einingar metnar sem hluta námsins við inntöku í það.
- c. Í stað orðanna „BS-próf“ í 1. málsl. 10. mgr. koma orðin: BS-gráða.

4. gr.

Reglur þessar, sem samþykktar hafa verið í háskólaráði Háskóla Íslands, eru settar í samræmi við lög nr. 85/2008 um opinbera háskóla og öðlast þegar gildi.

Háskóla Íslands, 13. mars 2025.

Jón Atli Benediktsson.

Dórður Kristinsson.